



Hefur þú áhuga á að vinna með hressum krökkum? Hefur menntun og/eða reynslu af sundþjálfun eða bakgrunn í sundi?

SUNDÞJÁLFARI ÓSKAST

Sundfélagið Óðinn óskar eftir metnaðarfullum einstaklingi í starf sundþjálfara hjá félaginu. Starfið felst í yfirumsjón með ákveðnum sundhópum félagsins. Viðkomandi þarf að geta hafið störf í lok ágúst 2021. Starfshlutfall er samkomulag.

Starfið felst í því að:

- Þjálfa börn og unglunga í sundi og vinna í samvinnu við aðra þjálfara og stjórn Sundfélagsins að því markmiði að auka færni og getu sundmanna.
- Bera ábyrgð á æfingaráætlun og afa umsjón með skipulagningu æfinga og sundmóta í samvinnu við stjórn.
- Vinna að hæfniviðmiðum æfingahóps ásamt því að vinna í samvinnu við aðra þjálfara deildar t.d. við tilfærslu sundmanna milli sundhópa.
- Virkum samskiptum og upplýsingamiðlun við sundmenn og aðstandendur.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun og reynsla á sviði sundþjálfunar og/eða íþróttar. Reynsla af sundi og sundþjálfun.
- Reynsla og hæfni í að vinna með börnum og unglingum og vera þeim góð fyrirmynd.
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum, góðir samskipta og skipulagshæfileikar.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Hreint sakavottorð.



Nánari upplýsingar veitir, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, formaður Sundfélagsins Óðins formadur@odinn.is (s: 899-3966) og Finnur Víkingsson varaformadur@odinn.is (s. 864-6419). Fyrirspurnir og umsóknir með menntun og starfsreynslu skal senda á netfangið odinn@odinn.is. Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál. **Umsóknarfrestur er til og með 15. maí 2021.**

Sundfélagið Óðinn er fyrirmyndarfélag ÍSÍ <http://www.odinn.is>

Hjá sundfélaginu Óðni starfa öflugir þjálfarar með góða reynslu af sundþjálfun. Iðkendur félagsins eru rúmlega 300 talsins.